| E | = | Skráð dýr af hestaætt samkvæmt skilgreiningunni í tilskipun ráðsins 90/426/EBE |
| O | = | Önnur dýr  |
- 5-6 = Sérstakar athugasemdir**
- (\*) = Felld brott á grundvelli 6. gr. tilskipunar 97/78/EB þar til annað verður ákveðið, eins og fram kemur í 1., 4., 5. og 6. dálki
- (1) = Eftirlit í samræmi við kröfur í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem var tekin á grundvelli ákvæða 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB
- (2) = Eingöngu afurðir í umbúðum
- (3) = Eingöngu sjávarafurðir
- (4) = Eingöngu dýraprótn
- (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
- (6) = Eingöngu fljótandi fita, olía og lýsi
- (7) = Íslenskir hestar (eingöngu frá apríl til október)
- (8) = Eingöngu dýr af hestaætt
- (9) = Eingöngu hitabeltisfiskar
- (10) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskar, skriðdýr og fuglar aðrir en strútfuglar
- (11) = Eingöngu fóður í lausu
- (12) = Að því er varðar (U) aðeins dýr sem send eru í dýragarða, þegar um hófdýr er að ræða; að því er varðar (O) aðeins dagsgamlir kjúklingar, fiskar, hundar, kettir, skordýr og önnur dýr sem send eru í dýragarða
- (13) = Nagylak HU: Hér er um að ræða landamærastöð (fyrir afurðir) og umferðarleið (fyrir lifandi dýr) á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu sem lýtur umsömdum bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í aðildarsáttmálanum, bæði vegna afurða og lifandi dýra. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB
- (14) = Ætluð til gegnumflutnings tiltekinna dýraafurða um Evrópubandalagið sem eru ætlaðar til manneldis og eru fluttar frá Rússlandi eða til Rússlands í samræmi við sértæka málsmeðferð sem kveðið er á um í viðkomandi bandalagslöggjöf
- (15) = Eingöngu dýr sem eru notuð í fiskeldi
- (16) = Eingöngu fiskimjöl

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur íslenska ríkinu sem lögð var fram 2012/EES/9/03  
15. desember 2011  
(Mál E-16/11)**

Hinn 15. desember 2011 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur íslenska ríkinu; í fyrirvari eru Xavier Lewis og Gjermund Mathisen, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir, að með því að tryggja ekki greiðslu lágmarksbóta til Icesave-innstæðueigenda í Hollandi og Bretlandi sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 19a í IX. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi) fyrir þann frest sem mælt er fyrir um í 10. gr. gerðarinnar, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar sem af þeirri gerð leiða, einkum 3., 4., 7. og 10. gr. og/eða 4. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

og

2. Íslenska ríkið beri málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:*

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 sem um getur í lið 19a í IX. viðauka við EES-samninginn, með áorðnum breytingum, kveður á um samræmdar lágmarksreglur að því er varðar innlánatryggingakerfi. Tilskipun 94/19/EB var leidd í íslensk lög á sínum tíma með lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Samkvæmt tilskipun 94/19/EB verða innstæðutryggingakerfi að tryggja samanlögð innlán hvers innstæðueiganda upp að 20 000 ECU/EUR ef innlánin verða ótíltæk.
- Snemma í októbermánuði 2008 féll Landsbanki Íslands og tók íslenska ríkið hann yfir. Innstæðueigendur í erlendum útibúum Landsbankans („Icesave“) í Bretlandi og Hollandi fengu ekki lengur aðgang að innstæðum sínum.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur því fram, að með því að tryggja ekki greiðslu lágmarksbóta til Icesave-innstæðueigenda í Hollandi og Bretlandi fyrir þann frest sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/19/EB, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar sem leiða af 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 94/19/EB. Að auki eða til vara heldur Eftirlitsstofnun EFTA því fram að íslenska ríkið hafi brotið gegn banni við mismunun á grundvelli ríkisfangs samkvæmt 4. gr. EES-samningsins.



# TILKYNNINGAR

**Tilkynning um útboð fylkisþings Sogn- og Firðafylkis samkvæmt grein 7.2 í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70:**

2012/EES/9/04

1. Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:

Sogn og Fjordane fylkeskommune  
Samferdsleavdelinga  
Askedalen 2  
NO-6863 Leikanger  
Noregur

2. Fyrirhugaður háttur við úthlutun:

Opið útboð

3. Þjónusta og svið sem úthlutunin getur tekið til:

Svæðis-/héraðsbundnir farþegaflutningar með langferðabílum í sveitarfélögunum Stryn, Hornindal, Eid, Vågsøy og Selje í Sogn- og Firðafylki.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6447 – IAG/bmi)**

**2012/EES/9/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. febrúar 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið International Airlines Group („IAG“) öðlast, beint eða fyrir milligöngu dótturfélags síns, BA, með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu British Midlands Limited („bmi“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - IAG: farþegaflutningar með flugi, vöruflutningar með flugi, flugafgreiðsla og viðhald flugvéla, viðgerðir og skoðun
  - bmi: farþegaflutningar með flugi, vöruflutningar með flugi, flugafgreiðsla og viðhald flugvéla, viðgerðir og skoðun
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 46, 17. febrúar 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6447 – IAG/bmi, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2012/EES/9/06****(mál COMP/M.6475 – AXA REIM/CBRE PFCE Management/Warsaw III)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. febrúar 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið AXA REIM og CBRE PFCE Management frá Ermarsundseyjum („PFCE“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu óbein yferráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollenska fyrirtækinu Warsaw III B.V. („WIII“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - AXA REIM: eigna- og sjóðaumsýslufyrirtæki sem leggur áherslu á margs konar þjónustu innan fasteignageirans. Þetta er dótturfélag AXA-samsteypunnar sem stundar váttryggingar, bankastarfsemi og aðra fjármálaþjónustu
  - PFCE: sjóðaumsýslufyrirtæki sem er hluti CBRE-samsteypunnar sem annast umsýslu atvinnuhúsnæðis, fasteignakaupleigu, fasteignasölu, mat og umsýslu fasteignafjárfestinga
  - WIII: hefur bein yferráð í Zlote Tarasy Sp. z o.o („ZT Company“) og óbein yferráð í Zlote Tarasy Tower Sp. z o.o („ZT Tower“). ZT Company á verslanamiðstöðina Zlote Tarasy („verslanamiðstöðin“) og skrifstofubyggingu („Lumen“). ZT Tower á aðra skrifstofubyggingu („Skylight“). Byggingarnar ganga almennt undir heitinu „Zlote Tarasy-kjarninn“
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 38, 11. febrúar 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6475 – AXA REIM/CBRE PFCE Management/Warsaw III, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6507 – Anglo American/De Beers)**

2012/EES/9/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. febrúar 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Anglo American plc („Anglo American“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í lúxemborgska fyrirtækinu De Beers Group („De Beers“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Anglo American: rannsóknir, námugróftur, vinnsla og sala á ýmsum náttúruauðlindum, t.d. málmum úr platínuflokki, óslípuðum demöntum (eingöngu í gegnum núverandi eignarhlut sinn í De Beers), kopar, járngrýti, koxi, nikkell og hitakolum
  - De Beers: rannsóknir, námugróftur, vinnsla, mat og sala á óslípuðum demöntum um heim allan
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 38, 11. febrúar 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6507 – Anglo American/De Beers, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6509 – GE/KGAL/Extresol-2)**

2012/EES/9/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. febrúar 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið General Electric Company („GE“) og hið þýska KGAL GmbH & Co. KG („KGAL“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu óbein yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu spænsku fyrirtæki, sem starfar að fullu sem sjálfstætt félag („Extresol-2“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - GE: margvísleg framleiðslu-, tækni- og þjónustustarfsemi víða um heim. GE Capital, sú rekstrareining GE sem á aðild að hinni fyrirhuguðu samfylkingu, fjárfestir í eignum á sviði orkuvinnslu víða um heim
  - KGAL: þýskt fjárfestingarfyrirtæki sem leggur áherslu á rauneignir og skipulagsbundna fjármögnun þeirra
  - Extresol-2: framleiðsla og heildsala á raforku, einkum á Spáni, í sólarorkuveri í héraðinu Extremadura
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 38, 11. febrúar 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6509 – GE/KGAL/Extresol-2, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6520 – Cinven/George Topco)**

2012/EES/9/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. febrúar 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Cinven Limited („Cinven“) öðlast með hlutafjar kaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu George Topco Limited („George Topco“) frá Jersey.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Cinven: óskráð félag sem veitir fjölda fjárfestingarsjóða ráðgjöf og þjónustu sem tengist fjárfestingarstjórnun
  - George Topco: fyrirtæki sem veitir lögfræðipjónustu, nánar tiltekið endurnýjun einkaleyfa og tengda þjónustu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 44, 16. febrúar 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6520 – Cinven/George Topco, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Ríkisaðstoð – Austurríki****2012/EES/9/10****Málsnúmer SA.32554 (09/C) & SA.32172 (11/NN) – Hypo Group Alpe Adria****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin hefur með bréfi, dagsettu 19. júlí 2011, tilkynnt stjórnvöldum í Austurríki þá ákvörðun sína að rýmka rannsóknina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við aðstoðina, sem framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að rýmka rannsókn á, er einn mánuður frá því að ágríp þetta (birtingardagur 4.2.2012) og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 31, 4.2.2012, bls. 13). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Greffe  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË  
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Austurríki. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ríkisaðstoð – Belgía****2012/EES/9/11****Málsnúmer SA.33751 (11/C) (áður 11/N) – Kaup belgíska ríkisins á Dexia Bank Belgium****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Belgíu, með bréfi dagsettu 17. október 2011, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 38, 11.2.2012, bls. 12). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Greffe  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË  
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Belgíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópu-  
þingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í  
Bandalaginu**

2012/EES/9/12

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Spánn
Flugleið	La Gomera – Tenerife Norte La Gomera – (Tenerife Norte) – Gran Canaria El Hierro – Gran Canaria Gran Canaria – Tenerife Sur
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	4.2.2012
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Ministerio de Fomento Dirección General de Aviación Civil Subdirección General de Transporte Aéreo Paseo de la Castellana, 67 28071 Madrid ESPAÑA  Sími: +34 915978454 Bréfasími: +34 915978643 Netfang: <a href="mailto:registrotarifas@fomento.es">registrotarifas@fomento.es</a>



**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni <sup>(1)</sup>**

2012/EES/9/13

*(Tilkynning um umsókn um leyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni, sem kennt er við „Fay“*

Fyrirtækið Société pétrolière de production et d'exploitation (SPPE), sem er skráð að ZA Pense Folie, 45220 Château-Renard, France, óskaði 13. janúar 2011 eftir leyfi til 25 ára, sem kennt er við „Fay“, til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni á svæði sem er hér um bil 17,5 km<sup>2</sup> og nær yfir sýsluna Seine-et-Marne (51).

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mæstast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktur	Austlæg lengd	Norðlæg breidd
A	00,31	53,89
B	00,359	53,89
C	00,365	53,85
D	00,365	53,84
E	00,31	53,84

**Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa**

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist (birtingardagur 1.2.2012), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og aðrar umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 17. janúar 2014.

**Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar**

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1 í frönskum námalögum og á tilskipun 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi, geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar eru veittar í ráðuneyti umhverfismála, sjálfbærrar þróunar, húsnæðismála og samgangna: Ministère de l'écologie, du développement durable, du logement et des transports, á eftirfarandi pósthfangi:

Direction générale de l'énergie et du climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et nouveaux produits énergétiques, Grande Arche de la Défense – Paroi Nord, 92055 La Défense Cedex, France, sími +33 140819529.

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

2012/EES/9/14

*Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni, sem kennd eru við „Bussy-Lettrée“, „Arcis-sur-Aube“, „Vatry“, „Coole“, „Champagne“, „Soudé“, „St-Chéron“, „Templiers“, og „Camp de Mailly“*

Orðsending þessi frá stjórnvöldum í Frakklandi um fjölda beiðna um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni í Frakklandi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, C 27, 27.1.2012, bls. 12.

**Auglýst eftir tillögum – EACEA/5/12**

2012/EES/9/15

**MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf**

**Fræðslustarf**

**1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007) <sup>(1)</sup>.

Samkvæmt ákvörðuninni ber meðal annars að bæta faglega símenntun starfsmanna í hljóð- og myndmiðlageiranum til þess að gera þeim kleift að tileinka sér kunnáttu og færni til að skapa verk sem standast samkeppni á Evrópumarkaði og öðrum mörkuðum.

Auglýsing eftir tillögum EACEA/5/12 er síðasta auglýsingin í tengslum við sífræðslu samkvæmt MEDIA 2007-áætluninni og býður tveggja ára rammisamning um samstarf.

**2. Hlutgengi**

Umsækjendur verða að vera skráðir í einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins.
- Einu EES-ríkjanna þriggja: Íslandi, Liechtenstein og Noregi.
- Króatíu og Sviss.

Þessari auglýsingu er beint til umsækjenda sem tilheyra einum eftirtalinna flokka og stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum:

- Kvikmynda- og sjónvarpsskólar
- Háskólar
- Sérskólar á sviði starfsmenntunar
- Einkafyrirtæki sem framleiða hljóð- og myndefni
- Félög og starfsgreinasamtök á sviði hljóð- og myndefnis

**3. Styrkhæf starfsemi**

Styrkhæfar eru eftirtaldar aðgerðir í ríkjunum sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni, og starfsemi sem fellur undir þær:

Aðgerðir í því skyni að efla skilning á Evrópuþáttum meðal starfsmanna í hljóð- og myndmiðlageiranum, svo og getu þeirra til að vefa slíka þætti inn í starf sitt, með því að auka sérfræðiþekkingu sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 327, 24.11.2006, bls. 12.

- Fræðsla á sviði efnahags-, fjárhags- og viðskiptastjórnunar
- Fræðsla á sviði nýrrar tækni við hljóð- og myndföfnisgerð
- Fræðsla á sviði handritsgerðar

Framkvæmdatími hvers verkefnis skal vera eigi lengri en 12 mánuðir.

#### 4. Viðmið við úthlutun

Við mat á styrkhæfum umsóknum verða gefin allt að 100 stig á grundvelli eftirtalinnna þátta:

- Hversu vandað er til starfseminnar (20 stig)
- Verkefnastjórnun (20 stig)
- Hversu vandað er til samstarfs við hljóð- og myndmiðlageirann (20 stig)
- Evrópuþættir (20 stig)
- Áhrif (20 stig)

#### 5. Fjárveiting

Fé, sem er til ráðstöfunar vegna þessarar auglýsingar eftir tillögum, er að hámarki 7 000 000 evrur.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50% eða 60% af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

#### 6. Umsóknarfrestur

Tekið verður við umsóknum til **16. apríl 2012**.

Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency (EACEA)  
Call for proposals EACEA/5/12  
Mr Constantin DASKALAKIS  
BOUR 3/30  
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1  
1140 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á réttu umsóknareyðublaði, rétt útfylltu og dagsettu, og beri undirskrift fulltrúa umsækjanda sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd hans.

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

#### 7. Nánari upplýsingar

Leiðbeiningar um hvernig standa beri að umsóknum eru birtar, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

[http://ec.europa.eu/culture/media/programme/training/forms/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/culture/media/programme/training/forms/index_en.htm)

Umsóknum verður að skila á umsóknareyðublaðinu sem sýnt er og þeim verða að fylgja öll fylgiskjöl og allar upplýsingar sem tilgreindar eru.